



Umhverfisstofnun

Alþingi - Sjávarútvegsnefnd  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. febrúar 2006  
Tilvísun: UST20060100255/tb

### Efni: Tillaga til þingsályktunar um fiskverndarsvæði við Ísland


Vísað er í bréf frá Alþingi, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um þingsályktunartillögu þskj. 52-52 mál, um fiskverndarsvæði við Ísland.

Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að kanna hvort að net fiskverndarsvæða í hafinu umhverfis Ísland skili árangri í að efla nytjategundir og vernda búsvæði þeirra og þar með vernda líffræðilega fjölbreytni í hafinu. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er bent á ýmsar niðurstöður sem benda til að svo sé. Með eflingu nytjastofna má gera ráð fyrir að hægt sé að auka nýtingu þeirra bæði að magni og gæðum auk þess sem gera má ráð fyrir að nýting ofnýtttra stofna verð sjálfbær. Með fiskverndarsvæðum má einnig koma í veg fyrir hliðaráhrif ýmissa veiðarfæra. Sama aðferðafræði, net verndarsvæða, hefur verið notuð til að vernda líffræðilega fjölbreytni á landi bæði vegna tegunda sem eru í eðli sínu staðbundnar og einnig vegna tegunda sem færa sig milli svæða eða landa svo sem ferskvatnsfiska í straumvötnum t.d. laxfiska eða farfugla.

Umhverfisstofnun telur mjög áriðandi ef ákveðið verður að koma upp neti fiskverndarsvæða að viðkomandi svæði verði rannsökuð vel í upphafi til að hafa sem best viðmið vegna rannsókna og vöktunar sem eiga að sýna breytingar eða viðgang lífríkis yfir lengri tíma. Umhverfisstofnun bendir einnig á að margar tegundir dýra t.d. fuglar byggja afkomu sína að mestu eða öllu leiti á lífríki sjávar. Net verndarsvæða í hafi er því líklegt til að hafa tvöföld áhrif þ.e. að styrkja lífríki bæði á landi og í sjó. Einnig er vert að benda á að net verndarsvæða auðveldar greiningu svæða m.t.t. til áhættu á mengunaróhöppum í hafi og eru þau því líkleg til að forða megi að slík óhöpp verði á verðmætum hafsvæðum.

Virðingarfyllst

  
Trausti Baldursson

  
Árni Bragason